

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Eskivalla 11 og 13.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti þann 4. apríl 2017, breytingu á deiliskipulagi fyrir Eskivelli 11 og 13. Í breytingunni felst að fjölbýlishús F1, við Eskivelli 11, verður eitt sex hæða fjölbýlishús (F1) með 39 íbúðum. Byggingarreitur er í vinkel og verður nú 31,6 m x 42,5 m að utanmáli og 11,3–14,5 m breiður, 708,5 m². Bílageymsla neðanjarðar er felld út og bílastæðum komið fyrir á lóð. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar fyrir lóðina.

Fjölbýlishús F2, Eskivellir 13. Bílageymsla neðanjarðar er felld út og bílastæðum komið fyrir á lóð. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar fyrir lóðina.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 4. maí 2017.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt.